

Skipulags- og samgönguráð Umhverfis- og heilbrigðisráð

Ár 2021, miðvikudaginn 20. október kl. 17:01 var haldinn sameiginlegur fundur skipulags- og samgönguráðs (118. fundur) og umhverfis- og heilbrigðisráðs (59. fundur) Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Líf Magneudóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Sara Björg Sigurðardóttir, Aron Leví Beck, Þorkell Heiðarsson, Rannveig Ernudóttir, Baldur Borgþórsson og fulltrúi Samtaka atvinnulífsins Ólafur Jónsson. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Pawel Bartoszek, Sabine Leskopf, Katrín Atladóttir, Ólafur Kr. Guðmundsson og áheyrnarfulltrúarnir Daníel Örn Arnarsson og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Hreinn Ólafsson, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Nikulás Úlfar Másson og Jóhanna Guðjónsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn með fjarfundarbúnaði: Árný Sigurðardóttir, Björn Axelsson og Hjalti Jóhannes Guðmundsson. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

(D) Ýmis mál

1. Umhverfis- og skipulagssvið, Mál nr. US210302
starfs- og fjárhagsáætlun 2022, trúnaður

Lögð eru fram drög að greinargerð umhverfis- og skipulagssviðs með fjárhagsáætlun fyrir árið 2022. Þar á meðal eru drög að:

- rekstraryfirliti umhverfis- og skipulagssviðs í aðalsjóði fyrir árið 2022
- rekstraryfirliti umhverfis- og skipulagssviðs í eignasjóði fyrir árið 2022
- gjaldskrá umhverfis- og skipulagssviðs fyrir árið 2022
- greingargerð umhverfis- og skipulagssviðs með fjárhagsáætlun 2022

Skipulags- og samgönguráð og umhverfis- og heilbrigðisráð staðfesta að drög að starfs- og fjárhagsáætlun sé í samræmi við ákvarðanir ráðanna um áherslur og forgangsröðun og markaða stefnu í málaflokkunum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi Miðflokksins sitja hjá.

- Kl. 17:08 tekur Eyþór Laxdal Arnalds sæti á fundinum.
- Kl. 17:13 tekur Marta Guðjónsdóttir sæti á fundinum.

2. Umhverfis- og skipulagssvið, Mál nr. US210303
uppgjör janúar - júní 2021

Lagt fram sex mánaða uppgjör í aðal- og eignasjóði umhverfis- og skipulagssviðs 2021.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 17:47

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Pawel Bartoszek
Líf Magneudóttir

Dóra Björt Guðjónsdóttir
Aron Leví Beck
Rannveig Ernudóttir
Eyþór Laxdal Arnalds
Katrín Atladóttir
Baldur Borgþórsson

Sara Björg Sigurðardóttir
Sabine Leskopf
Þorkell Heiðarsson
Marta Guðjónsdóttir
Ólafur Kr. Guðmundsson
Ólafur Jónsson